



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

ÁLYKTUN UM LAUN GRUNNSKÓLAKENNARA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara, haldinn 17. - 18. maí 2018, skorar á ríki og sveitarfélög að gera laun grunnskólakennara samkeppnisfær við laun annarra sérfræðinga á opinberum og almennum markaði. Launagögn Hagstofu Íslands sýna að meðallaun grunnskólakennara ná ekki meðallaunum í landinu.

Alvarlegur vandi blasir við grunnskólum landsins þar sem ekki hefur tekist að fylla allar stöður grunnskólakennurum. Nýliðun grunnskólakennara er afar lítil og verði ekkert að gert mun vandinn aukast stórlega á næstu árum. Stórsókn í menntamálum eru orðin tóm nema laun grunnskólakennara verði gerð samkeppnishæf launum annarra sérfræðinga með sambærilega menntun.

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara undirstrikar að átak verði gert í jöfnun launa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar í samræmi við sameiginlega stefnu aðila um að laun og önnur kjör hjá hinu opinbera séu samkeppnisfær, sbr. 7. gr. um jöfnun launa í samkomulagi um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna dags. 19. september 2016. Mikilvægt er að vinna á grundvelli skýrslu samráðshóps sem falið var að meta hvaða tölfræðigögn og aðferðir þurfi að liggja til grundvallar við jöfnun launa milli markaða og ljúka þeirri vinnu fyrir árslok. Mikilvægt er að hægt verði að taka skref í átt að jöfnun launa milli vinnumarkaða í næstu kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög.